

Langanesbyggð
Arnar Birgir Ólafsson
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Reykjavík, 25. nóvember 2024
UST202410-173/E.S.F.
10.04.00

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Veiðihús í landi Tungusels - Langanesbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Langanesbyggðar er barst 18. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna veiðihúss í landi Tungusels í Langanesbyggð.

Í greinargerð kemur fram að til stendur að stofna lóð í landi Tungusels vegna byggingar veiðihúss, fyrirhuguð lóð er 2,0 ha.

Forsendur

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að tillagan nær til svæðis sem hefur verndargildi (votlendi, vistgerðir og fuglalíf) þarf í kafla 5.1.2. í skjalinu *Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna veiðihúss í landi Tungusels* að fjalla um stefnu sveitarfélagsins varðandi vernd þessara verndarsvæða.

Vistgerðir

Fram kemur í greinargerð að fjalldrapamóavist sé ríkjandi á svæðinu en einnig finnist mosamóavist, brokflóavist og starungsmýravist á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun vill benda á að skv. vistgerðarkorti NÍ¹ er einnig að finna innan skipulagssvæðisins vistgerðina tjarnastararflóavist í töluverðum mæli og runnamýravist á láglandi í litlum mæli. Starungsmýravist, tjarnastararflóavist og runnamýravist á láglandi eru allt votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi. Þær eru einnig á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Allar þessar vistgerðir einkennast af ríku fuglalífi og er algengt að t.d. varpfuglategundirnar lóupræll (*Calidris alpina*) og spói (*Numenius phaeopus*) nýti þær til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.²

¹ Vistgerðakort NÍ

² <https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í tillöggunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Sérstök vernd

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins, þó að það sé ekki innan afmarkaðs byggingarreits, er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Því þarf að skoða áhrif tillögunnar á votlendi vel og mikilvægt að afmarka framkvæmdir með tilliti til votlendisins.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um votlendið í tillöggunni og það komi fram, hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að í skjalinu *Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna veiðihúss í landi Tungusels* á bls. 11 og 18 segir: *Byggingarreitir verða staðsettir með þeim hætti að byggingar raski ekki votlendum. Gert er ráð fyrir að notast verði við vegslóða sem þegar er á svæðinu til aðkomu. Tillagan gerir því ekki ráð fyrir að votlendum verði raskað frekar.* Hins vegar á bls. 17 segir: *Veglagning og landmótun mun skerða þessi votlendissvæði lítillega.*

Því er óljóst hvort að tillagan muni raska votlendi eða ekki.

Auk þess segir á bls. 17: *Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru á svæðinu votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd á svæðinu. Nákvæmni kortsins miðast við mælikvarða 1:25.000.*

Vegna nákvæmni korts NÍ, bendir Umhverfisstofnun á þann möguleika að kortleggja votlendi með meiri nákvæmni við gerð deiliskipulags.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur